

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. desember 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráðshóp um húsnæðisuppbyggingu og samgöngur

Lagt er til að myndaður verði formlegur samráðsvettvangur milli Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins um skipulags- og samgöngumál. Hópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum atvinnulífsins, tveimur fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar og fjórum fulltrúum borgarinnar. Lagt er upp með að Samtök atvinnulífsins skipi einn fulltrúa, Samtök iðnaðarins einn, ASÍ skipi einn og VR einn. Borgarstjórn skipi síðan fjóra fulltrúa.

Greinargerð

Eitt stærsta kjaramál launafólks er húsnæðiskostnaður heimilanna. Tryggt framboð á hagstæðu byggingarlandi er forsenda þess að jafnvægi náist á markaði. Samráðsvettvangurinn mun bæta upplýsingaöflun og upplýsingagjöf milli aðila. Áætlanagerð borgarinnar hefur áhrif á húsnæðisverð og samgönguþróun.

Vanmat á fjölgun íbúa hefur orðið til þess að húsnæðisverð hefur hækkað langt umfram verðlagsþróun og framboð íbúða hefur minnkað mjög mikið á síðustu árum. Þá hefur umferð aukist langt umfram spár borgarinnar og tafatími hefur aukist. Hér væri kominn samráðsvettvangur með nýjustu upplýsingum og talnaefni sem væri uppfært mánaðarlega þannig að aðilar vinnumarkaðarins og borgin verði upplýst um stöðu mála hverju sinni. Fólksfjölgun í landinu hefur verið langt umfram spár og eru líkur á að svo verði áfram næstu áratugi. Gera þarf langtímaspár varðandi íbúaþróun, húsnæði og samgöngur byggða á reynslu síðustu ára og horfum um vöxt.